

Náttúrulegt umhverfi hluta

Námsmarkmið:

- Að nemandinn átti sig á náttúrulegu umhverfi ýmissa hluta sem finnast í náttúrunni
- Að nemandinn átti sig á því að hvar vissir hlutir eiga heima, að sumir hlutir úr náttúrunni geti verið aðskotahlutir ef þeir eru ekki á „sínum“ stað
- Að nemandinn sýni áhuga og sýni samvinnu
- Að nemandinn finni þá hluti sem ekki eru í „sínu“ náttúrulega umhverfi

Undirbúningur

- Gott er að taka umræðu um hvað á heima hvar og hver „eðlilega“ staðsetning hluta eru. Til að mynda hvort brokkoli eigi heima uppi í tré, hvort fiskur eigi heima á túninu, hvort jarðarber eigi heima í hrúgu af laufum.
- Gott að ræða um ræktun plantna og trjá sem vaxa villt í náttúrunni, hver sé eðlileg staðsetning og hvort það sé yfir höfuð eitthvað sem heiti eðlileg staðsetning.
- Þessi umræða má fara fram innandyrna, í skólastofunni og einnig er hægt að framkvæma þetta verkefni innandyrna þótt það sé skemmtilegra utandyra.

Kennslugögn:

- A.m.k 15 hlutir sem finnast inni á heimili. T.d geisladiskur, sleif, tannbursti, púði, spýta, ávextir, plastbox, karfa, kálhaus, bananar, laukur, myndir af dýrum sem ekki passa inn s.s fílar, gíraffar o.s.frv.

Verkefni:

- Kennari þarf að vera búin að koma þessum 15 hlutum fyrir í umhverfi túnsins en þó í sjónmáli.
- Nemendur fara saman í pörum og vinna saman. Þörin reyna að finna eins marga hluti og þau geta.
- Þegar hlutirnir eru fundnir er nemendum hóað saman og umræða tekin í kjölfarið. Hvað fundur þau? Hvar fundu þau það? Hvers vegna passaði það ekki inn? Hvar ætti þessi hlutur heima?

Úrvinnsla:

Gott að ræða um náttúrulegt umhverfi, umgengni um náttúruna, feluliti – hvað fellur inn í náttúruna og fleira.

